

# **Fundargerð Fagráðs í nautgripærkt**

## **31. ágúst 2011 í Bændahöll.**

Mættir:

Guðný Helga Björnsdóttir, formaður fagráðs

Magnús B. Jónsson

Sigurður Loftsson

Sigurgeir Hreinsson

Þórarinn Leifsson (í símasambandi)

Baldur Helgi Benjamínsson

Björn Gunnarsson

Bragi Líndal Ólafsson

Gunnar Guðmundsson

Grétar Hrafn Harðarson

Þorsteinn Ólafsson

Fjarverandi:

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

### **1. Ráðstefna um kynbætur nautgripa.**

Í tengslum við umræður um ræktunarmál sem fram fóru á síðasta fundi kom fram áhugi á að halda eins dags ráðstefnu um kynbætur nautgripa. Ákveðið var að halda ráðstefnuna í lok nóvember og taka þar fyrir málefni er tengdust kynbótastarfi í nautgripærkt s.s árangur kynbótastarfsins, breytingar ááherslum í ræktunarstarfinu á undanförunum árum, nýjungar í kynbótum og nýjar leiðir, kynbætur á grundvelli upplýsinga um erfðamengi árangur skipulagðrar blendingsræktar, umfjöllun um ræktunarstarf í nálægum löndum o.fl.

Ákveðið var að fela framkvæmdastjóra LK og fulltrúum BÍ í fagráði að stýra undirbúningi.

### **2. Erindi BV um sæðingar**

Búnaðarsamtök Vesturlands óskuðu umsagnar fagráðs um beiðni frá bónda á svæði BV um að fá að kaupa sæði og sæða sjálfur á eigin búi. All miklar umræður urðu um málið og voru allir á einu máli um að fara varlega í að losa um núverandi fyrirkomulag á skipulagi sæðinga. Fagráð taldi ekki í sínum verkahring að heimila eða banna slíkt fyrirkomulag en óskaði eftir því að fá gleggri upplýsingar um þetta tiltekna tilvik í því skyni að hafa frumkvæði að því að móta vinnureglur um samninga sem bændur óska að gera við rekstraraðila sæðinga um frávík frá hinni almennu reglu um sæðingastarfsemi á vegum búnaðarsambanda.

### **3. Leiðbeiningar um góða búskaparhætti**

Formaður gerði grein fyrir því að í bígerð væri ný reglugerð um aðbúnað nautgripa. Í reglugerðinni er á nokkrum stöðum vísað til bæklinga um góða búskaparhætti. Slíkur bæklingur er ekki fullmótaður og óskaði formaður eftir viðhorfum fagráðsmanna til

málsins. Fagráð taldi nauðsyn á að gera slíkan bækling og var lagt til að það yrði samstarfsverkefni Fagráðs, LK og SAM. Ákveðið var að formaður Fagráðs yrði fulltrúi þess og jafnframt lagt til að hlutur fagráðs í kostnaði kæmi úr þróunarsjóði nautgriparæktar. Verið er að vinna að kostnaðargreiningu verkefnisins.

#### **4. Vinna sem tengist stefnumörkun LK í nautgriparækt**

Formaður kynnti stöðuna varðandi stefnumörkun LK í nautgriparækt og þau atriði sem tengjast starfi fagráðs. Fram kom að fagráðsmenn hafa nokkrar áhyggjur af framtíð búfræðinámsins við LBHÍ og einnig rannsóknaráherslum skólans. Ákveðið var að fela stuðningsfulltrúum í fagráði að fara yfir þá þætti í stefnumörkun LK sem tengjast starfi fagráðsins. Þá kom fram að búið er að skipa starfshóp til að skoða hugsanlega blendingsrækt í mjólkurframleiðslunni.

Undir þessum lið kynnti Gunnar Guðmundsson fyrirhugaða vinnu sem er að fara af stað um endurskoðun á skipulagi ráðgjafarþjónustunnar og að erlendur sérfræðingur Ole Kristiansen frá dönsku ráðgjafarþjónustunni (Videncentret for Landbrug) hafi verið fenginn til að stjórna og leiða starfið.

#### **5. Átaksverkefni til að efla skýrsluhaldið og draga úr heimanautanotkun.**

Málið var tekið upp í framhaldi af umræðu sem varð á síðasta fundi fagráðs. Lagt er til að koma á sérstöku átaksverkefni í því skyni að efla þátttöku í sameiginlegu ræktunarstarfi. Fyrir liggja tillögur frá Þórarni Leifssyni um aðgerðir og var ákveðið að fela landsráðunautum að skoða þær nánar en auk þess hvetja héraðsráðunauta til aðgerða hver á sínu svæði.

#### **6. Þróunarsjóður nautgriparæktar**

Samþykkt að auglýsa eftir styrkjum í þróunarsjóðinn með umsóknafresti til 20. október 2011.

#### **7. Framleiðsla á nautakjöti**

Baldur Helgi rakti í nokkrum orðum stöðu á nautakjötsmarkaði. Vöntun hefur verið á ákveðnum flokkum nautakjöts að undanfögnu og hefur tollareglum verið breytt tímabundið af þeim sökum. Fagráð taldi mikilvægt að koma af stað átaki til þess að efla nautakjötsframleiðsuna. Í því sambandi var nefnt að efla þyrfti gagnaskráningu bæði heima á búunum og einnig hjá sláturleyfishöfum. Koma á EUROP kjötmati og huga að endurnýjun holdakynjastofnanna í landinu.

#### **8. Önnur mál**

Eigi komu fram önnur mál

Magnús B. Jónsson ritaði fundargerð